J. 920
Jón

Jón Jónsson
skólapiltur.

Rv. 1854.



RÆÐUR

haldnar við útför skólapilts

JÓNS JÓNSSONAR.

Útgefnar
á kostnað stjúpföður hans.


LANDSBÓKASAFN

Reykjavík.
Prentaðar í prentsmiðju Íslands, hjá E. Þórðarsyni
1854.



1. Húskveðja

haldin í skólanum af

skólakennara **Jens Sigurðssyni.**

Vjer höfum hjer mist efnilegan og vænan skólapilt, þar sem þessi framliðni ungi maður var. Kennarar þessa skóla þykjast mega sakna hans, sem einhvers hins eptirtektasamasta og greindasta lærisveins, sem hjer hefur átt dvöl, síðan skólinn kom á þenna stað, og jafnframt, sem einhvers hins siðlátasta. Skólabræður hans munu sakna í honum einhvers hins góðlátlegasta og ljúfasta bróður. Það er sviplegt þetta — þegar ungur maður í blóma lífsins er kallaður svona hjeðan burtu frá verki sínu; fyrir 14 dögum gekk hann til sængur með sóttar aðkenning, og nú er hann lík. Það er enn eitt dæmi upp á fallvaltlegleika lífsins og hverfulleik alls hins jarðneska, fyrir utan svo mörg önnur, sem vjer sjáum á hverjum degi — og það verður hjer, sem optar, næsta áþreifanlegt,

að vjer, eins og ritningin segir — höfum hjer engan blífanlegan samstað, og allt hið jarðneska er svo brigðult, þá ríður oss umfram allt á, að ná í það og halda því, sem er stöðugt og varanlegt, að ná þeim fjársjóðum, sem mölur og ryð fá ekki grandað og þjófar ekki eptir grafizt, en þeir fjársjóðir eru vísdómur og dyggð. Vísdómur og dyggð eru fjársjóðir sem sál vor, vor ódauðlegi partur, flytur með sjer og býr að, þegar hún skilur hjer við; en jarðneskir fjársjóðir eru einkisverðir í sjálfu sjer og koma oss að svo miklu leyti að haldi, sem vjer kaupum fyrir þá vísdóm og dyggð. Þegar vjer því sjáum, að hinn voldugi engill drottins er ávallt á ferð, til að innsigla þá, sem hann vill kalla hjeðan, þá látum oss vinna meðan dagur er, því að nóttin kemur og dettur má ske fljótt á, en úr því fær enginn unnið. Endurlausnari vor sagði oss eptirlíkingu um herramann, sem fjekk þjónum sínum vissa punda tölu til að láta bera vöxtu, þangað til hann kæmi og heimtaði þau aptur með þessum vöxtum. Þessi eptirlíking hljóðar upp á oss alla saman. Drottinn vor felur hverjum af oss í hendur pund, þegar hann gefur oss lífið, það eru kraptar vorir, gáfur og atgjörvi. Verjum vel hver sínu pundi, svo vjer getum flutt honum þau aptur með vöxtum, þegar hann kemur að heimta þau, en hann kemur opt óðar en oss varir til þess.

Sár má vera söknuður allra þeirra eptirlifandi, sem að þessum unga manni stóðu, sjer í lagi foreldra og systkina. Það er von þótt svo sje, því að ástarböndin eru svo næm, er þau slitna svona snögglega. En drottinn hefur gefið lækning við því sári, bæði í orði sínu og í því, hvernig þessi framliðni varði sínu pundi. Hinn guðhræddi maður, Davíð konungur, huggaði sig eptir dauða föður síns með þessum orðum: Jeg kem til hans, en hann ekki til mín; hið sama mega þau segja, þar sem hann er; þangað eigum vjer að koma. Og Kristur, vor frelsari, hefur brugðið fyrir oss, kristnir menn, upp ljósi í grafar myrkrunum, svo þau eru oss nú ekki eins dimm, eins og þau sýndust áður vera. Vjer kristnir menn höfum óræka vissu um, að dauðinn er blundur til eilífs lífs. Vjer getum því í trúnni á hann sagt: Þessi piltur er ekki dauður, heldur sefur hann.

Það er önnur raunabót fyrir þá, sem að þessum framliðna standa, að það var eptir góðum syni og góðum bróður að sjá, því að hann hafði varið sínu pundi vel. Hver er meiri rauna ljettir, en syrgja þann, sem manns mót er að. Það er óneitanlega mikið mótlæti, að verða að missa þess yndis og ánægju, að njóta sambúðar sinna ástvina hjer á jörðu; en annað er þó meiri raun, og það er sú, þegar þeir ganga út á hinn breiða veginn, sem liggur til glötun-

arinnar, til dauðans sjálfs; því að þann, sem út á hann gengur, eigum vjer á hættu að missa fyrir fullt og allt; er það ekki munur?

Vjer kveðjum þig nú hjer, vor framliðni ungi vin! sambuga lifandi í þeirri trú, að þú sjert kominn til þíns og vor allra kennara, sem kennir þjer bezt af öllum; og foreldrar þínir mæla eptir þig þesskonar orð:

gjöfin þín gladdi geð foreldra,
gröf þín vætir nú augu tárum;
en huggun er þig á himnum vita
í höndum alföður sólu fegri.

Sælan búi með anda þínum og friðurinn sje yfir moldum þínum!

---

2. Ræða

haldin í kirkjunni af

sjera **Sveinbirni Hallgrímssyni.**

Háttvirtu tilheyrendur! Ástkæru skólasveinar!

Svo höfum vjer þá enn fengið sönnuð þessi orð: *ungur má;* fengið það staðfest af reynslunni, að þegar sá, sem vjer köllum óvin lífsins, kemur og kallar: komið hjer út, þjer mannanna börn! þá gildir hvorki æska nje æskunnar fjör og heilsa; allir verða að gegna, því það á að sannast, að gamall skal, en ungur má. Vjer lýsum því nú að vísu nokkuð misjafnlega; köllum það t. a. m. eitthvað leitt, þegar dauðinn gengur svona, eins og hann hefur gjört hjer, inn í hóp hinna ungu, leggur hönd sína helkalda á hinn hrausta æskumann, og leiðir hann út. En hvers vegna lýsum vjer því svo, köllum vjer það þannig? Er það ekki af því, að vjer köllum dauðann sjálfan óvin lífsins? Jeg skal nú engan veginn neita því, að það er eitthvað mótstríðandi mannlegri tilfinningu, eitthvað mótstæðilegt lífsfýsninni, að sjá hinn unga

berjast við dauðann, og dauðann bera sigurinn úr býtum; og þess vegna er oss nokkur vorkun, þó að vjer eigi, þegar svo ber undir, veljum dauðanum vægara nafn en svo, að vjer köllum hann óvin lífsins. En eigi að síður væri oss það ekki fyrirgefanlegt, ef vjer einungis hjeldum fast við þetta nafn, ef vjer staðnæmdumst svo við hugmyndina, sem því fylgir, að vjer sæjum ekkert annað við aðkomu dauðans, og einnig við aðkomu hans að ungum manni, ekkert annað, en óvinskap gegn lífinu; oss væri það ekki fyrirgefandi þess vegna, að það væri svo ljós vottur þess, að vjer hefðum illa lesið, já, hefðum forsómað að lesa undir tímann hjá kennara vorum, hjá honum, sem hefur og kennir orð hins eilífa lífsins. Því þjer vitið það, að einnig á *þessi* kennari, hann sem er drottinn lífsins og dauðans, að einnig á *hann* líka tíma hjá oss í skóla lífsins; og mjer finnst vjer geta með sanni sagt, að þessir tímar hans hjer hjá oss hafi borið upp á þessa dimmu skammdegis daga. Þessi vor kennari, drottinn vor Jesús Kristur, hefur nú kennt oss að skoða dauðann, hvenær sem kall hans ber að á æfi mannsins, fremur eins og vin lífsins, heldur en eins og óvin þess, því að sjálfur leiddi hann í ljós fyrir oss lífið og ódauðlegleikann. Enda er það svo, að því betur sem vjer lesum undir tímann hjá þessum kennara, því betur sem vjer lærum að

þekkja líf Krists og lærdóm hans, þess blíðari verður oss engill dauðans, og allt eins og einhver friðarengill; hann tekur af sjer svörtu skýluna, og bindur rósir um enni sjer, og þó það sjeu rósir í blómhring á dauðra manna grafir, þá eru það rósir eins fyrir það, því þær hafa ilm og blóm eins og lifandi rósir. Og þegar nú þessi kennari kemur og vitjar vor, þegar hann reynir oss með öðrum eins atburði og hjer er orðinn, þá heimtar hann af oss kristileg svör, svör, sem vitna um, að vjer berum kennsl á lærdóm hans, svo að vjer getum litið á atburðina með kristilegu hugarfari, og þá svarað honum upp á þá með kristilegum orðum. Þannig hæfir oss þá að svara vorum himneska kennara upp á dauða þessa vors framliðna, unga skólabróður, ekki með orðum þeirra, sem kalla þetta leitt, sem eins og ekki sjá annað í því, en hrellingu fyrir fjelagið, óvinskap gegn lífinu, heldur með orðum sjálfs hans, og segja þá með hans orði og í hans anda: pilturinn er ekki dáinn, heldur sefur hann!

Það er að vísu nokkur munur á því, hvað hjörtu vor eru viðlátin að svara Kristi kristilega upp á dauða meðbræðra vorra, hvað vjer eigum eins og hægt með sjálfir, að líta á dauðann þeim augum trúarinnar, sem láta oss sjá í anda speki guðs, svo að vjer getum kallað upp til drottins yfir líkkistunni og gröfinni: „Ó þá

dýpt auðæfanna, spekinnar og gæzku guðs"! Þannig getum vjer að vísu með lofgjörð og lotningu svarað drottni, þegar vjer stöndum yfir greptri gamalla manna, sem sýndust búnir að afljúka dagsverki sínu, og hafa nú fengið að hvílast af erviði lífsins. En liggja þá líka eins á hraðbergi fyrir oss þessi lofgjörðar- og lotningarorð, getum vjer eins ljúflega tekið til þeirra og haft þau yfir, þegar vjer stöndum að jarðarför t. a. m. ungbarnsins, sem ekki var enn farið að hjala nafn skapara síns, eða þá æskumannsins, sem var að búa sig undir það að geta vegsamað guð með verkum sínum? Þegar dauðinn sækir þann, sem stendur í blóma lífsins, kallar hann burt frá lífsins fyrstu störfum, já, rífur hann upp frá miðju dagsverki, og gjörir, ef til vill, það skarð í fjelaginu, sem ekki er svo hægt að fylla, liggja oss þá ekki optast næst þessi auðmýktarinnar svör: Ó, drottinn, undarlegir eru þínir dómar og ósporrækir eru þínir vegir! Jú, vjer verðum að játa það, að það er stundum þungt að svara drottni í tímum hans, þeim er hann á hjá oss, til að reyna trú vora; og vjer viljum ekki heldur neita því, að það sem hann í þessum sínum vitjunartíma hefur lagt fyrir, til að prófa oss með, það reynir ekki alllítið á svör trúarinnar og trúna sjálfa. En það er þá líka bótin, að hann hefur sjálfur fengið oss í höndur þá spekinnar bók, þar sem kristi-

leg trúarsvör liggja til sjerhvers atburðar, sem fyrir kemur í lífinu. Og einmitt úr þessari bók eigum vjer þá að taka, og getum vjer líka tekið svarið til drottins upp á dauða þessa vors unga og efnilega skólabróður. Hjörtum vorum þykir að vísu, sem dauða hans hafi of fljótt að borið, og að það væri æskilegt, ef hann hefði mátt standa lengur á lífsins akri; en hjörtum vorum til huggunar lítum vjer þá í nafni drottins á líkkistu hans, flettum upp hinni helgu bók og segjum í nafni drottins: hann er ekki dáinn, heldur sefur hann! Og þessi trúarinnar orð, sem svo opt hafa samið frið milli himins og jarðar, milli guðs og manna, milli lífs og dauða, þau semja nú einnig á þessari stundu hjörtu vor til friðar og sátta við þessa ráðstöfun drottins, sem hjer er orðin. Eins og vjer vitum það, að sólin ljómar og skín á uppheimsloptinu, þó að skýin hjer niður í gufuhvolfinu skyggi á hana fyrir augum vorum, eins segjum vjer oss það sjálfir í trú þessara orða hins eilífa lífsins, að sálin vakir og lifir í uppheimsljósi guðs, þó að svefn dauðans og myrkur grafarinnar feli hana hjer fyrir sjónum vorum í þessu landi dauðlegleikans. En svo látum oss þá líka lýsa fögnuði vorum yfir þessari vorri sáluhjálplegu trú og svara drottni með syngjandi röddu í þessum hans vitjunartíma:

[1]Kringum þig ljómar lífs í höll
ljós guðs andlitis bjarta;
hrein sigurklæði, hvít sem mjöll,
heilagleg á þjer skarta.
Nýir árstraumar náðar hans,
nývetni dýrðar skaparans
lífga þinn hug og hjarta.

Já, jeg ítreka enn aptur yfir hvílurúmi þínu, sæli bróðir, þessi orð skáldsins góða og guði líka, sem blundar nú líka skammt hjer frá utan þessara veggja. Kringum þig ljómar lífs í höll, o. s. frv.

Svo lítum vjer þá í þessari vorri sáluhjálplegu trú rósömum augum á dauða þessa vors framliðna skólabróður, og vjer þökkum guði fyrir þá minningu, sem vjer höfum eptir hann. Því þó að æfi hans væri stutt og hann dæi svo burt frá oss, að hann mátti varla heita meir en hálfsjeður maður, þá hefur hann eigi að síður getið sjer góðan orðstír. Vjer getum vitnað það, að bæði höfum vjer heyrt, að kennarar hans bera honum þann vitnisburðinn, sem mest prýðir æskumanninn á hans reki og í hans stöðu: að hann hafi verið fyrir öðrum í ástundun og alúð við lærdóm sinn, og að hæversku og siðprýði í allri framgengni, og svo vitum vjer líka til, að hann hafði áunnið sjer elsku og virðingu skólabræðra sinna með góðleik hjartans og hæg-

[1]) Þetta vers var sungið og spilað á orgelið.

læti framferðisins. Það er því ekki hætt við, að minning hans liði svo fljótt undir lok, því þó að æskan sje kölluð gjálíf og gleymin, þá byrjar þó opt á þeim árunum sú vináttan, sem varir og viðhelzt æfina út. Og hver veit nema hinn framliðni hafi með mannkostum sínum verið búinn að reisa sjer þarna stað í hjarta einhvers af þeim æskumönnum, sem lifað höfðu með honum hið rósama og áhyggjuhæga skólalíf, en sem nú standa hjer yfir líkkistu hans; þann stað, sem geymir minningu hans í brjósti þeirra til ellidaga? Þessi líkkista hverfur oss bráðum, en trúið mjer, vinir mínir! hún lætur eptir sig minningu í yðar ungu og viðkvæmu hjörtum. Árin fjölga og færast yfir yður, og ellidagarnir koma; en trúið mjer, þjer skuluð þá ekki geta minnzt svo á skólalíf yðar, að þjer ekki minnizt um leið á tímana, sem drottinn lífsins og dauðans átti hjá yður á þessum vetri. Í elli yðar skuluð þjer minnast þeirrar þungu baráttu, sem þessi yðar framliðni skólabróðir átti við dauðann þenna drottins stranga vitjunartíma; á kveldi æfi yðar skuluð þjer minnast kveldsins þess, er þjer hófuð líkkistu hans út úr skólanum, báruð hana fram hjá húsum hinna lifendu, og fluttuð hana upp í hús hinna dauðu; á gamalaldri skuluð þjer minnast þessarar stundar, er þjer sóktuð aptur líkkistu hans upp í húsið það, sem kennt er við lík og stendur innan

um dauðra manna grafir, og báruð hana í þetta hús, sem kennt er við drottinn dýrðarinnar, guð yfir öllu, lifandi og ríkjandi að eilífu. Og þjer skuluð ekki geta minnzt svo á þessa atburði, að þjer ekki um leið minnizt hins framliðna, getið hans að góðu og tjáið fyrir niðjum yðar, að hann hafi verið fyrirmynd æskunnar í siðprýði.

En af því að jeg hef talað um tíma drottins hjá oss við þetta tækifæri, þá minnir það mig á, að ekki nægir, að vjer einungis geymum minningu hins framliðna, að því leyti sem hún heyrir jörðunni til; vjer verðum einnig að geyma hana að því leyti sem hún heyrir himnum til, fyrst hann er og sjálfur til himins farinn. Drottinn hefur hjer kallað til sín einhvern hinn ágætasta æskumann skólans; þetta skil jeg þá svo, sem hann með burtköllun hans, hafi viljað draga hjörtu bræðra hans burt frá jörðunni og benda þeim upp til sín. Drottinn vissi það, vinir mínir, að þjer elskuðuð þenna skólabróður yðar; hann vissi það þá líka, að elskan mundi gjöra yður ljúft, já mundi knýja yður til að fylgja honum í anda upp til hans og yðar föðurhúsa. Drottinn hefur nú gefið honum þar hjá sjer eilíft jólafrí og eilífa jólagleði, þetta hvorttveggja sem þjer eigið nú líka von á um þessa daga, en hvorki eilíft nje ómengað. Það er þá eins og hinn himneski

kennarinn hafi viljað vekja athygli yðar á því frelsi og þeim fögnuði, sem hann veitir þeim, er hann kallar burt úr skóla lífsins og tekur í skólann til sín. Þjer getið líka trauðlega notið svo yðar jólaleyfis og jólagleði, að þjer ekki með köflum látið hugann hvarfla til hans, sem vann með yður mestallan vinnutímann, bar með yður hita og þunga hvers dagsins, uns stund hans kom og hinn strangi vitjunartími drottins. Já, svo látið þá og líka minningu hans á himni drottins helga fyrir yður jólaleyfið og jólagleðina; minnizt mitt í gleðinni vinar yðar og bróður í hýbýlunum hjer efra, og staðnæmizt þar hjá honum í frístundum yðar. Það ætti svo enn að vera yður ljúft, að vilja skoða yður um í hinni himnesku paradís, yður, sem eruð ekki enn þá komnir út úr hinni jarðnesku. Og ef að nú þannig hin ástríka minning yðar á framliðnum bróður verður til þess að laða huga yðar til himins, til þess að draga hjörtu yðar nær guði, hvílikan tíma, hversu blessunarríkan fyrir gjörvallt yðar líf hefur þá ekki drottinn lífsins og dauðans átt hjá yður að þessu sinni! Hversu mikla speki hafið þjer ekki af honum numið þennan hans eina vitjunartíma, ef þjer hafið lært að svara honum kristilega upp á lífsins sorglegasta atburð, og ef þjer hafið getað látið yður skiljast, að einmitt dauði ástvina yðar sje til þess að draga hjörtu yðar nær guði! En

einmitt þessarar speki óska jeg yður nú fyrir æfi yðar að endingu, því jeg hætti nú tali mínu og enda það með orðum skáldsins:

Vjer þökkum gjöf, sem gaf hann oss,
geymandi minning kæra.
Til sín hann tók það helga hnoss,
honum skal lofgjörð færa.
Hjá honum er oss gjöfin geymd,
gráti numin og hvers kyns eymd.
Honum sje heiður og æra!

3. Ræða[1]

haldin í kirkjunni af

dómkirkjupresti, prófasti **Á. Johnsen,**

Það er efalaust enginn af öllum þeim, sem hjer eru viðstaddir, er ekki með hryggð hafi heyrt fráfall hans, sem hjer liggur liðið lík; því að efnilegur unglingur, í fegursta æskublóma, hefur hjer yfirgefið vorar sambúðir, er hjer hrifinn úr ástríkum faðmi foreldra og fræðara, frá hlið heittelskandi bróður og systkina, úr fríðum hóp jafnaldra og skólabræðra. Líkami hans hafði því nær fengið fullan þroska fullorðins manns, sál hans náð þeim framförum í þekkingu og mannkostum, sem færri á hans aldri hafa að hrósa sjer af; það var rjett að því komið, að hann ætti að yfirgefa þá menntastiptun, við hverja hann hafði dvalið undanfarin 6 ár, og færi að velja sjer vissa stöðu í lífinu; það var rjett að því komið, að starfi foreldra hans og fræðara, að uppeldi hans og menningu væri lokið, að foreldrar hans færu að uppskera ávöxt alúðarfyllsta uppeldis, alls þess er þau

[1]) Þessi ræða var haldin stundu síðar.

höfðu gjört hans vegna, að fræðarar hans og vinir færu að fagna af fagurri uppskeru velbrúkaðra ungdómsára. En þá var líka sú stund komin, er gjörði enda á hjerveru hans. Vonin átti ekki að rætast, hinn fagri vísir ekki að bera fullvaxta blóm — hann hnje í dauðans djúp. Og hvað skulum vjer þá hjer til segja? Getum vjer í því, sem hjer er skeð, huggað oss við það, sem ávallt annars er vant að veita oss hina beztu huggun, að allt, sem guð gjörir, sje vel gjört? Jú vissulega. Að vísu eru oss guðs vegir of háir og óskiljanlegir, en hinn trúaði efast samt eigi, örvæntir eigi, heldur hefur huga sinn í hæðir og segir: allir vegir guðs eru einskær miskun og trúfesti. Og einmitt þetta er það, sem jeg nú vildi minnast á, oss öllum til huggunar við það, sem hjer er skeð.

Þjer kveinið og kvartið, kærir vinir, að guð hafi ekki gjört vel við hinn framliðna, að láta hans glaða lífsljós svo snemma slokkna, hans fögru hjerveru svo skjótt enda taka; yður virðist, að hann lengi hefði átt að njóta þess, að fá að gleðja sig við hjerveru sína. En vitið þjer þá, hvað hans má ske hefði beðið, ef honum hefði orðið lengra lífs auðið? hvort lífið þá mundi hafa orðið honum til gleði eða sorgar? Allt hingað til hafði lífið að vísu að eins sýnt honum blíðu sína. Hann stóð í blóma síns lífs, var gæddur fríðri sál í fríðum líkama, hafði nægilegt af öllu

því, sem þessa lífs þörf útheimti; hann var augasteinn foreldra sinna, yndi og eptirlæti bróður síns og systkina, uppáhald fræðara sinna og fjelagsbræðra, hvers manns hugljúfi — í öllu tilliti hafði lífið þannig enn þá verið honum brosleitt. En mundi það ávallt hafa verið svo? Mundu engin sorgarský síðar meir hafa dregið fyrir hans gleðisól? mæða og mótlæti aldrei sárlega hafa minnt hann á ófullkomlegleika þessa jarðneska lífs? Og hefur guð þá ekki gjört það vel við hann, að hann án langrar reynslu er hafinn frá þessa lífs sorg og sút til eilífðarinnar sælu, úr þessa heims dimmu til himinsins birtu?

Þjer kveinið og kvartið, að þótt hinn framliðni sje laus við alla þessa heims mæðu, þá hafi guð samt ekki gjört vel við hans hryggu foreldra, vini og vandamenn, að slíta hann úr faðmi þeim. Ó! hver skyldi lá það, þótt það sárt sæki þann, sem gekk honum í bezta föður stað, þótt það leggist þungt á hans ástríku móður, að heyra fráfall þessa síns efnilega sonar, hans, sem var þeim til svo mikillar gleði, svo mikils sóma, og sem að eins með dauða sínum olli þeim hryggðar? Hver skyldi lá það, þótt systkini hans sárt harmi missir bezta bróður, þótt bróðir hans með grátnum huga segi skilið við þann, sem hann ávallt hingað til var vanur að sjá við hlið sjer, með hverjum hann

var eitt hjarta og ein sál, þótt honum finnist líka sem hann nú hafi hvergi höfði sínu að að halla, eptir að sá er honum horfinn, að hvers brjósti hann í hverju einu var vanur að halla sjer? Ó! það ætti að minnsta kosti að skiljast þeim, sem einhvern tíma hafa þvílíkt reynt. En er þá lífið samt, kærir vinir! hið æðsta góða, sem menn geta misst? Ó! ef kjörum hans, sem hjer liggur lík, á einhvern hátt síðar hefði orðið svo varið, að dauði hans hefði orðið gleði en ekki sorgar- efni? Ef hann hefði ratað í miklar raunir, eða beðið hart heilsu-tjón, eða villst af hinni rjettu leið, og þeir, sem nú harma missi hans, hefðu lifað það — ætli sorg þeirra mundi þá hafa orðið minni? Og skyldu þeir þá þora, þótt þeir gætu, að kalla hann aptur, að óska honum aptur til þessa lífs, til þessa lífs vissa stríðs, en óvissa sigurs? Og er hann líka að eilífu horfinn ástvinum sínum? Gaf Kristur ekki von um apturfund hinumegin grafar? Og er þeir þá aptur hittast á hæðum, sem hjer urðu að skilja, er hinn sæli sonur á síðan á himnum tekur á móti sínum góða föður, er hann á síðan breiðir sinn sæla faðm móti sinni elskuðu móður, er hann á síðan, sjálfur engill, leiðir bróður sinn og systkini í hóp engla og útvaldra, munu þau þá efast um, að guð hafi þetta vel gjört?

Þjer kveinið og kvartið, að guð hafi ekki

gjört vel við heiminn, að svipta hann svo snemma honum, sem var svo gott mannsefni, sem var gæddur svo miklu atgjörvi, svo hreinu hjarta, svo góðum vilja. Og hvers vegna hefur guð ekki gjört það vel? Mun hans armur þá stuttur orðinn? hans vald veiklað? Hefur hann ekki ótal meðöl í hendi sjer til að fá því fram komið, sem hann vill? Eru ekki vindarnir hans sendiboðar og eldingarnar hans þjenarar? Og skyldum vjer þá vilja fyrirskrifa guði, hvaða veg hann skuli velja, hvaða meðöl brúka? Skyldum vjer mögla yfir því, er hann fer að sínum ráðum.

Ó! skammsýnn dauðlegur maður! guð gjörir allt vel, einnig það, sem þú ekki skilur. Vjer sjáum ekkert nema pörtum saman, hans alskyggna auga er hafið yfir stund og stað; vjer getum að eins hugsað og áformað, viljað og óskað, en hann talar og svo skeður það, hann býður og svo stendur það þar. Látum oss því treysta guði og gefa oss alveg á hans vald. Látum oss vegsama hans nafn, ekki einungis þegar hann gefur, heldur líka þegar hann sviptir.

Þetta, kæru vinir! vildi jeg hafa sagt foreldrum hans, ef þeir hefðu mátt heyra orð mín. Því — er þeir heyra þessi sorgar-tíðindi, mun þeim þá ekki liggja við fyrst að hugsa: von míns lífs, mitt yndi, mín ellistoð er horfin.

Nei, kæru foreldrar! yðar von sje guð, yðar ellistoð sje faðirinn á himnum, hann bregzt eigi, hann breytist eigi. Guð hefur að vísu sannlega sært yður, en hann hefði eigi gjört það, ef hans speki hefði sjeð annað betur henta, og hann hefur lofað yður, að halda hinum börnum yðar hjá yður og vera yður til gleði og sóma. Hann gaf yður þenna son, hann ljet yður hafa af honum yndi og sóma, hann hefur nú tekið hann aptur, tekið aptur þessa sína gjöf, þetta sitt lánarfje; átti hann það ekki frjálst? Og hann tók hann af því, að hann var of góður fyrir þenna heim, tók hann til þess, að gróðursetja hann á öðrum betri stað; er ekki gott að eiga sitt hjá guði? Ó! allt hvað guð gjörir er vel gjört, hans nafn sje vegsamað!

En þetta segi eg einnig yður, sártsyrgjandi bróðir, sártsaknandi skólabræður hins framliðna. Þjer harmið ástríkan vin, bezta bróður, dyggan samfylgdarmann á lífsins leið, og yður virðist, sem einn liður sje brostinn í yðar bræðra-hring. Og svo er það líka, en yður til lærdóms, yður til alvarlegrar áminningar. Þangað, hvert hann fór, liggur líka yðar leið. Þjer vitið eigi, hve langt þess muni að bíða, að þjer verðið þangað kvaddir. Þjer hugsið nú, að þess muni enn langt að bíða. Einnig hann, sem hjer sefur sætt og rótt, gat hugsað hið sama. Hann var á bezta æfiskeiði, heill og hraustur, fjörmikill

og hugglaður, og fyrir fám dögum, efalaust að hans meiningu, enn langt frá dauða sínum. Og þó liggur hann nú liðið lík í þessu kalda legurúmi; því að fyrir alla menn er að eins eitt stig milli þeirra og dauðans. Gleymið þessu aldrei, kærir vinir. Einnig yður gat hitt, getur hitt það, sem nú hitti þenna bróður yðar. Þess vegna gleð þig, ungmenni, í þinni æsku, og lát hjarta þitt vera glaðvært, gjör það, sem hjarta þitt girnist og augum þínum þóknast, en vit, að guð mun kalla þig til reiknings fyrir allt þetta. Ó! strengið þess nú heit við gröf þessa ástvinar yðar, af öllum mætti að leggja stund á vísdóm og dyggð, svo að þjer verðið foreldrum yðar og fræðurum, vinum og vandamönnum til sóma og gleði, svo að föðurlandið eignist, þar sem þjer eruð, góða borgara, heimilin dygga feður og húsfeður, heimurinn uppbyggilega verkamenn; lagið allt yðar eðli, rækið öll yðar störf eins og þjer gjörðuð það fyrir eilífðina. Og svo er það líka í raun og veru; því þótt guð kalli einn í dag, annan á morgun, þó að kveld sje komið fyrir mörgum áður þeir hafa hádegi litið, þá er samt ekkert gott sæði glatað, engin fögur viðleitni árangurslaus, ekkert dagsmark til einkis, og guð endurgeldur ekki eptir því hve lengi, heldur eptir því hve vel hver og einn hefur lifað; því að vísdómur meðal mannanna eru þær rjettu hærur, og óflekkað líferni hin rjetta elli.

— Já allt hvað guð gjörir er vel gjört, það viljum vjer allir, sem hjer erum viðstaddir, láta oss sagt vera. Er ekki allt, sem skeður, ætlað oss öllum til lærdóms, til viðvörunar? Hverjum til handa blómgast blómið á vellinum? hverjum til handa sveimar fiskurinn í sjónum og fuglinn í loptinu? hverjum til handa lætur hauður og haf auðlegð sína í tje? þjer, ó maður! gaf guð jörðina, en hann gaf þjer hana til þess, að hún skyldi vera þjer reynslu skóli, reynslu stand, þú átt að vinna hjer það, sem annars heims fái þjer að haldi komið, þú átt að starfa fyrir eilífðina. Mikið og dýrðlegt er það pund, sem guð gaf þjer; en strangur er líka sá dómur, er þín bíður, sá reikningsskapur, er guð heimtar. Og þetta er víst, hitt óvíst, nær þetta muni verða. Ó! látum oss því ávallt vaka og biðja, ávallt viðbúna vera, þar vjer ekkert vitum nær kallið kemur; látum oss, á hverjum aldri sem vjer erum, hver sem vor staða er, hver vor kjör, nota þá tíð, sem guð gefur oss; hver sem hjer ríkuglega sáir, hann getur á síðan vænt ríkuglegrar uppskeru.

Og svo er það þá huggun vor allra, að allt, hvað guð gjörir, sje vel gjört, og vjer felum oss allir með lífi og sálu í hans mildu föðurhönd; svo að hvort sem vjer lifum, þá lifum vjer drottni, eða vjer deyjum, þá deyjum vjer drottni,

það er að segja, hvort sem vjer lifum eða deyjum, sjeum vjer drottins.

Já hans ertu einnig, sæli framliðni, þín jarðneska tjaldbúð hvílir í hans vernd, þín sála hjá hásæti hans. Hjer er þitt dupt, þinn æðri partur fór til betri átthaga; hjer var tilvera þín mæld við stund og stað, þar munu ár þín engan enda hafa; hjer skildist þú frá syrgjandi vinum og vandamönnum, þar mun á síðan sæll apturfundur bíða vor allra. Ó! drottinn blessi þig á landi lifandi manna, drottinn blessi þig og varðveiti, drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig og sje þjer náðugur, drottinn upplypti sínu augliti yfir þig og gefi þjer frið. Amen.

4. Grafskript og erfiljóð.

I. Grafskript.

†

In memoriam
mortui iuvenis,

Jonae Jonaei,

alumni scholae Reykjavicensis,
nat. 15. decemb. 1831, def. 13. decemb. 1853.

Saepe cantatum, properans ad umbras,
numen, a nulla domitum catena,
omnibus serum, aut radiante primo
sole paratum,

Heu, ciet mentis gemitum profundis,
et lyram irrorat lacrymis; Apollo
auream cogit citharam cupressi
flere sub umbra.

Tutus a mundo tumulo quiescis;
dira non a te removent soporem
bella, non vitae dolor anxius, non
ludus inanis.

Ultimum, vitae melius triumphis,
est decus, consors! tibi, ros doloris;
te quies condit tumulo, novorum
semine florum.

(Latínan snúin á íslenzku):



Til minningar
um
andaðan æskumann,

Jón Jónsson,

lærisvein í Reykjavíkurskóla,
fæddan 15. desemb. 1831, dáinn 13. des. 1853.

Það guðdómsafl, sem opt hefur verið kveðið um, sem hraðar sjer til skugganna, sem er öllum búið, annaðhvort seint, eða með hinum fyrstu geislum morgunsólarinnar:

Æ, það vekur stunur í djúpum andans, og döggvar hörpuna með tárum; Apolló knýr hina gullnu gígju, svo hún grætur undir skugga sýprusviðarins.

Þú hvílir undir leiðinu, í friði fyrir heiminum; ekki bregður þú blundi, hvorki fyrir geigvænlegum stríðum, eða fyrir angurværri áhyggju lífsins, og ekki fyrir fánýtum leiki.

Þú sem ert sömu forlögum undirorpinn og vjer! betri er þinn hinnsti heiður, en sigurhrós lífsins, því það er dögg harmanna; friðurinn felur þig undir leiði, með frækornum nýrra blóma.

II. Erfiljóð.

---

†

Leið á löngum
leiðum skýja
nótt með niðdimmu
frá norður-hjara;
veifði hún blæju
um bogann háa
silfurbylgjandi
segulljósa.

Hugðist nótt
himin að tjalda
gullnum og gljáum
gleði-dúki —
ljeku ljósvendir
um loptsvalir
hárra, hveldra
himin-rjáfra.

Sveif þá svipmikill
svefnabróðir

móður móti,
frá moldbyggjendum —
flutti hann í faðmi
fölvum og mjúkum
liðið lík
fyrir ljettum vængjum.

„Ljáðu mjer ljósblæju,
„ljúfa móðir!
„blunda mjer að brjósti
„brostin augu;
„ljáðu mjer ljósblæju
„ljettra drauma,
„sefur mjer ei lengi
„sveinn í faðmi“.

„Bauð mjer hinn blíði
„buðlungur himna
„heilan og hraustan
„hann að sækja,
„og úr heims volki
„til himins flytja;
„ljáðu mjer ljósblæju,
„líður af blundur“.

Móðir fjekk megi
mar-gullinn dúk —
sveipaði hann silfri
sveininn liðna —

svo kveða svífa
sálir til himins
um hinn draumsæla
dauða - blund.

Lá hann á ljósum
ljóma - bólstrum
gullinna skýja
á Gimlis engi —
og blundi brá
fyrir björtu ljósi
alföður aleðlis
undur-skæru.

Liðinn ertu, Jón!
láðbyggjendum,
en lifandi
fyrir ljóss-englum;
móðir og bróðir
munu þig gráta,
en þú sjálfur
að sorgum brosir.


Lbs - Íslandssafn
100500174 - 1

